

Ada Elísabet Benjamínsdóttir
Þórsgata 8
101 Reykjavík

Vestmannaeyjum 13. júlí 2017
UST201707-032/P.V.B.
09.06.01

Efni: Leyfi til utanvegaaksturs- Reynisfjara

Umhverfisstofnun hefur móttengið erindi Republik, dags. 4. júlí 2017, vegna leyfis til utanvegaraksturs í Reynisfjöru í einn dag á tímabilinu 14-16. júlí 2017 vegna kvikmyndatöku.

Heimilt er, ef nauðsyn krefur og með sérstöku leyfi Umhverfisstofnunar, að aka vélknúnum ökutækjum utan vega vegna starfa við viðhald skála og neyðarskýla og vegna kvikmyndatöku, enda sé ekki unnt að vinna viðkomandi störf á annan hátt sbr. 2. mbr. 31. gr lagana.

Lýsing framkvæmdar:

Um er að ræða gerð auglýsingar fyrir LG Signature. Tökur færu fram í sandinum við Dyrhólaós norðanmegin í fjörunni. Til þess að komast að tökustaðnum með búnað, leikmuni og mannskap er óskað eftir að fá að keyra eftir slóða sem myndast hefur vegna utanvegaraksturs ofarlega í fjörunni frá bílaplani við austurhluta fjörunar. Um er að ræða tvo aðstöðutrukka sem yrðu staðsettir í fjörunni norðan megin og þaðan unnið á tveimur pickup bílum á stórum dekkjum og 1 sexhjóli inná tökusvæðinu. Þá yrðu sprinterar og jeppar staðsettir í fjörunni norðan megin, á og við slóðann í flæðamálinu. Að tökunum koma um 45 manns og færu þær fram að nóttu til og hefjast um kl 22:00 og standa í 12-14 klukkutíma.

Áhrifamat:

Um er að ræða fjöru þar sem ekki er mikil gróður til staðar. Umhverfisstofnun telur ekki líklegt að aksturinn hafi neikvæð áhrif á svæðið ef tekið er tillit til þeirra skilyrða sem sett eru fyrir akstrinum.

Umhverfisstofnun heimilar fyrir sitt leyti akstur bíls Reynisfjöru í hálfan sólahring á tímabilinu 14-16. júlí 2017 að uppfylltum neðangreindum skilyrðum.

- Tilkynna skal til Umhverfisstofnunar hvenær undirbúningur fyrir tökur hefjast og þegar frágangi líkur.
- Umhverfisstofnun skal tilkynnt um öll frávík við áður útgefna verkefnalýsingu.
- Starfsmenn við kvikmyndatökuna gangi snyrtilega um svæðið og forðist allt rask.
- Heimilt er keyra bíla sem flytja leikmynd og búnað og til að ferja nauðsynlegan mannskap að tökustað eftir Reynisfjöru eftir þeirri leið sem tilgreind er í gögnum umsækjanda. Skal þess gætt að valda sem minnstu raski og fjarlægja öll ummerki um aksturinn að tökum loknum. Halda skal fjölda ökutækja í lágmarki sem og þeim tíma sem þau eru staðsett í fjörunni.

- Koma skal fyrir merkingum við tökustað og í Dyrhólaey þar sem sést til bílana að leyfi fyrir framkvæmdinni hafi fengist hjá Umhverfisstofnun.
- Gæta skal að mengunarvörnum bifreiða og þess gætt að mengandi vökvar berist ekki í jarðveg.
- Afmá skal öll ummerki um aksturinn á svæðinu þegar honum er lokið.
- Ganga skal snyrtilega um svæðið og þess gætt að allt rusl verði fjarlægt.
- Gæta skal þess að trufla ekki dýralíf við ósinn og í Dyrhólaey.
- Óheimilt er að keyra yfir gróið land
- Kynna skal fyrir starfsfólki kvikmyndatökunnar þau skilyrði sem fylgja leyfinu áður en undirbúningur og tökur hefjast.
- Ef upp koma álitamál um framkvæmdir sem tengjast tökunum og frágang svæðisins skal hafa samband við Umhverfisstofnun.

Umhverfisstofnun bendir á að samþykki landeigenda þarf fyrir tökununum. Umhverfisstofnun bendir jafnframt á að Reynisfjara og Dyrhólaey eru vinsælir ferðamannastaðir. Margir ferðamenn koma á svæðin á kvöldin til að mynda fuglalíf á svæðinu, einkum lunda við Dyrhólaey en helst er að sjá hann á svæðinu á kvöldin og snemma morgnana. Gæta skal þess að trufla ekki upplifun gesta svæðana.

Eftirlit


Umhverfisstofnun mun fara með eftirlit með framkvæmdinni og frágangi Reynisfjörü. Innheimt verður fyrir eftirlitið samkvæmt gjaldskrá stofnunarinnar 13.200 kr/klst.

Umhverfisstofnun innheimtir gjald vegna vinnslu og afgreiðslu umsóknar um leyfi til aksturs utan vega í tengslum við kvikmyndagerð. Gjaldið er 39.400, sbr. 24. gr. a. í gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 535/2015.

Virðingarfyllst



Ólafur A. Jónsson
Sviðstjóri



Þórdís Vilhelmina Bragadóttir
Sérfræðingur